

krónum. Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 22. marz 1915.

Nr. 13/1915.

Réttvísinn
gegn
Júliusi Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 26. jan. þ. á., var ákærði í máli þessu, Július Jónsson, dæmdur samkvæmt 231. gr. alm. hegningarlaga í 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir innbrotspjófnað og til að greiða allan kostnað sakarinnar, að meðtöldum 12 kr. í málflutningslaun til verjanda, Sveins Björnssonar yfirréttarmálaflutningsmanns. Jafnframt var í dóminum ákveðið, að fullnustu téðrar refsingar skyldi frestað og refsing falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, samkvæmt lögum um skilorðsbundsbundna hegningardóma 16. nóv. 1907, 1. gr., ef þar greindum skilyrðum væri fullnægt. Dómi þessum er af hálfu réttvísinnar skotið til yfirdómsins.

Ákærði er fæddur 23. júlí 1896 og er vinnumað-
hjá foreldrum sínum í Hafnarfirði. Hann hefir eigi
áður sætt ákæru eða refsingu.

Ákærði kom til Reykjavíkur mánudaginn 26. okt.
f. á. og dvaldi hér þangað til hann var tekinn fast-
ur, sunnudagsnóttina 1. nóv. Það er með játningu
hans og öðrum skýrslum málsins löglega sannað, að
hann hafi þessa daga gjört 2 þjófnaðarinnbrot í verzl-
unarhús hér í bænum. Fyrri innbrotið framdi hann
um kveldið daginn sem hann kom hingað eða um
nóttina, aðfaranóttina þriðjudagsins. Fór hann þá
yfir girðingu austan við lóð verzlunarinnar Godthaab
(P. J. Thorsteinsson & Co.) í Austurstræti, og komst
þannig að suðurhlið sölubúðarinnar, braut hann þar
rúðu úr glugga og fór um opið inn í búðina. Í búð-
inni tók hann ýmsan varning, kex, buxur, peysu,
skotfæri, eldspitur, cigarettukassa með vindlum, sild-
ardósir, sykurtangir, 2 pakka af reyktóbaki og 2 af
munntóbaki, póstkort, skúffuhöldur og skóreimar. Eru
allir þessir munir taldir 20 kr. virði. Ákærði lét þá
í poka og geymdi þá undir rúmi í úthýsi eða skúr
við húsið nr. 70 við Laugaveg, þar sem hann svaf
eina nóttina, þar fundust munirnir við rannsóknina,
og hafði ákærði engu eytt eða fargað af þeim, nema
2 vindlum, er hann hafði reykt, og hefir mununum
verið skilað eigandanum. Síðara innbrotið framdi
ákærði aðfaranótt sunnudagsins 1. nóv. í skrifstofu
Jes Zimsens konsúls í Hafnarstræti. Reyndi hann
fyrst að sprengja hlera frá glugga á norðurhlið húss-
ins, en er það tókst eigi, tók hann það ráð, að ná
rúðu úr glugga á austurhliðinni og fara þar inn, og

er hann með þessum hætti hafði komist inn í húsið, tróð hann poka, sem hann fann fyrir innan gluggann, upp í rúðuopið, til þess að minna bæri á því. Fyrir innan gluggann er gangur og þil á milli hans og skrifstofuherbergjanna; braut ákærði með skaröxi, er hann átti og hafði tekið með sér, hlera frá opi á þilinu og fór þar inn um. Í skrifstofunum tók ákærði úr kassa í ólæstu púlti og úr peningaskúffu 165 kr. 5 a. í dönskum seðlum og mynt og 42 $\frac{1}{2}$ shilling í enskum peningum, peningabudda, pennadós, 2 hnifa og höfuðkamb. Þegar ákærði hafði stungið á sig þýfinu, fór hann út um glugga á norðurhlíð hússins, en þar voru þá næturverðir fyrir, er höfðu orðið varir við hann meðan hann var inni á skrifstofunum, og tóku hann fastan. Kölluðu þeir til eiganda hins stolna, Zimsen konsúls, og tók hann af ákærða alt þýfið. Munir þeir, er ákærði stal frá Zimsen auk peninganna, eru taldir 3ja króna virði. Kröfu um iðgjöld eða skaðabætur á hendur ákærða hefir hvorugur gjört, þeirra er fyrir þjófnaðinum urðu.

Rannsókn hefir verið gjörð að tilhlutun héraðsdómarans um sakhæfi ákærða, en við þá rannsókn virðist ekkert það hafa komið í ljós, er til greina beri að taka við ákvæði refsingarinnar.

Brot ákærða hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært undir 231. gr. alm. hegningarlaga, og er refsingin hæfilega ákveðin af honum 8 mánaða betrunarhússvinna, en eigi þykir vera heimild til þess, að lögum um skilorðsbundna hegningardóma 16. nóv. 1907, 1. gr. verði beitt í þessu máli. Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfir-

dómi, þar með talin málfutningslaun verjanda fyrir aukaréttinum 12 kr. og sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum 15 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn fyrir yfirdómi lögmætar.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Júlíus Jónsson, sæti 8 mánaða betrunarhússvinnu og greiði allan sakarkostnað fyrir báðum réttum, þar með talin málfutningslaun verjanda í héraði, Sveins Björnssonar yfirrettarmálaflutningsmanns, 12 kr. og málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar yfirrettarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. apríl 1915.

Nr. 11/1915.

Björn Kristjánsson
og Björn Sigurðsson
f. h. Landsbankans
gegn

Einari M. Jónassyni,
Guðmundi Jónassyni,
Kristjáni Jónassyni
og Bjarna Valdasyni